



SEYÐISFJARÐARSKÓLI

- í hverju barni býr fjársjóður -

Skólaráðsfundur 19. nóvember 2019 kl16:15

Mætt: Jóna Mist, Ari Björn, Vilborg, Ólafía, Svandís, Guðrún Ásta boðaði forföll aðrir ekki.

Fundurinn fer fram í Gamla skóla

Dagskrá fundar:

Símnotkun umræður: „Símalaus“ skóli tillaga rædd: kostir og gallar. Óskað var eftir því fyrir fund að vilji fundarmanna til að stíga þetta skref af eða á komi skýrt fram á fundinum.

Nemendur nefna að það er gott að hlusta á tónlist þegar þau eru að læra, en það væri hægt að hafa góð tæki og mikilvægt líka að fá þá Spotify.

Og þeim þykir þægilegt að grípa í símann sinn til að sækja upplýsingar þó svo að þeim standi tæki til boða.

Þau vilja líka mögulega geta náð í foreldra sína í frímínútum

Það eru sumir nemendur sem hlýða ekki reglunum um símnotkun og skólaráð hvetur kennara til að stíga inn í þau tilvik og beita skólareglunum. Niðurstaða okkar er að okkur þætti betra að læra að umgangast tækin þannig að þau trúfli ekki námið (og virða reglurnar) án þess að banna símana.

Nemendur nefna að Egilsstaðaskóli er með símapunkta og við ákveðin fjölda punkta þá þurfa foreldrar að sækja símann til ritara. Það má skoða hvort við gætum tekið það upp.

Skólastjóri mun koma þessu áleiðis til fræðslunefndar og til kennaranna.

Fara má yfir símamál í leikskóladeild og bæta aðstæður þar.

Sumarleyfi leikskóladeildar 2020 dagsetningar teknar fyrir

Lagt er til að sumarleyfi í leikskóladeild verði 8.júlí til 5. ágúst miðvikudagurinn, 6. ágúst yrði heill starfsdagur. Nemendur koma 7. ágúst, engar athugasemdir eru gerðar við þessar dagsetningar.

Önnur mál

Nemendur nefna að það ríkir óánægja með matinn meðal sumra nemenda, einhverjir foreldrar hafa sagt börnin sín úr matnum, sérstaklega er ekki nægilega gott að fá súpur og þær eru of oft á matseðlinum. Kennarar í grunn- og leikskóladeild meta það einnig sem svo að börnin borði mun minna og það veldur streytu hjá nemendum. Nemendur vilja ekki heldur að þeim sé skammtaður maturinn. Margt er þó gott við fyrirkomulagið og seumur hafa nefnt við skólastjóra að maturinn sé hreinni og hollari.

Sérstök beiðni er að soðin fiskur, verði á matseðlinum næst.

Nemandi með glúteinóþol er mjög ánægður með matinn sjálfan og gæðin af því að hans þörfum er mætt.

Skólastjóri mun koma þessum skilaboðum áleiðis til kokkana og vinna með þeim í aðfínþússa matseðil.

Ritari Svandís.